UM HELGINA

Róum út og norður

Fáskrúðs flyðru sporður

Ísafjörður

Litli leikklúbburinn á Ísafirði frumsýnir **Kviksand** eftir Michael Vincente Cazzo SU: 20.30, Félagsheimilinu Hnífsdal. Leikstjóri Alda Arnardóttir, aðalleikarar Bjarni Guðmundsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Jens Óli Jespersen, Viðar Konráðsson.

Deiglan

Þjóðleikhúsið sýnir Millerleikinn **Í deiglunni** LA: 20.00.

Ballett

Stöðugir ferðalangar, ein af síðustu sýningum, Þjóðleikhúsi SU: 20.00.

Svartfugl

Svartfugl, leikgerð Bríeter Héðinsdóttur eftir sögu Gunnars Gunnarssonar, í Iðnó SU: 20.30.

Verdi

Í Íslensku óperunni, Gamla bíó: **Il trovatore LA, SU: 20.00.**

Indælt stríð

Land míns föður og Kjartans Ragnarssonar í Iðnó LA: 20.30.

Tartuffe

Nemendaleikhúsið sýnir Tartuffe eftir Moliere í Lindarbæ SU: 16.00, MÁ: 20.00.

Köttur á Kambfjall

Höttur á Hanfjall

Jerúsalem

Ljósmyndasýningin **Pílagrímar í Jerúsalem** á Kjarvalsstöðum á vegum ísraelska sendiráðsins og félagsins Ísland-Ísrael, – listaverk og trúartákn pílagríma þriggja trúarbragða í borginni helgu, ljósmynduð af svissneska ljósmyndaranum Leonardo Bezzola. Hefst LA, stendur til 18. maí. Opið daglega 14-22.

Kári

Sýning **Kára Eiríkssonar,** 72 málverk, hefst á Kjarvalsstöðum LA. Stendur til 19. maí, opin 14-22 daglega.

Myndlistarskólinn

Vorsýning **Myndlistarskólans,** Tryggvagötu 15, verk úr öllum deildum, LA, SU: 14-22.

Deviris

Norskir myndlistarmenn, **Deviris-hópurinn,** sýna í Norræna húsinu til 19. maí. Hefst LA, opið daglega 14-19.

Ragnar Lár

Ragnar Lár opnaði málverkasýningu í Bókhlöðunni á Akranesi 1. maí, lýkur SU. Opin 15-22.

Slunkaríki

Hannes Lárusson sýnir frá og með LA í Slunkaríki á Ísafirði innísetningu/installasjón sem heitir „Leið augans". Opið LA, SU 15-18, ÞR, FI, FÖ: 16-18. Stendur til 18. maí.

Ljósmyndarar

Ljósmyndarafélag Íslands heldur sýningu á Listasafni ASÍ í tilefni af 60 ára afmæli sínu. Lýkur SU.

Verkstæðið V

í Þingholtsstræti 28. Opið virka 10-18, LA 14-16.

Gallerí Gangskör

er fullt af myndlist. Opið virka 12-18, helgar 14-18.

Nýlistasafnið

með myndir Peter Angermann í húsnæði sínu við Vatnsstíg 3b. Lýkur 11. maí.

Gallerí Borg

sýnir vefnaðarverk eftir Báru Guðmundsdóttur og Halldóru Thoroddsen. Opið virka 10-18, helgar 14-18. Lýkur SU.

Samúel í Bjargi

Samúel Jóhannsson sýnir í Bjargi, húsi Sjálfsbjargar á Akureyri. Stendur fram yfir mánaðamót. Opið virka 9-22, helgar 15-19.

Ljósmyndir

Davíð Þorsteinsson sýnir ljósmyndir á Mokka. Frá götum Reykjavíkur. Lýkur SU.

Garðabær

Myndlistarsýningar í tilefni kaupstaðarafmælis í Garðabæ: Gísli Sigurðsson og Pétur Friðrik í Kirkjuhvoli, Edda Jónsdóttir, Jón Óskar, Ragnheiður Jónsdóttir í Lækjarfit 7. Opið 13-21, lýkur SU.

Elías

Elías B. Halldórsson sýnir í Gallerí Íslensk list, Vesturgötu 17. Hefst LA.


Nína

Nína Gautadóttir sýnir á Kjarvalsstöðum, hefst LA.

Sauðaból og Súlunes saman Njáll og Bera

Akureyri

Nemendur Tónlistarskólans á Akureyri halda tónleika í Borgarbíói LA: 14.00.



Selma Guðmundsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Sigríður Ella Magnúsdóttir flytja tékkneska tónlist á sunnudaginn í Norræna.

Borgarnes

Guðný Guðmundsdóttir (fiðla) og **Catherine Williams** (píanó) leika í Borgarneskirkju SU: 21.

Vovka

Vovka Stefán Ashkenazy heldur píanótónleika á vegum Tónlistarfélagsins í Austurbæjarbíó LA: 17.00. Verk eftir Beethoven, Mozart, Schubert.

Fóstbræður nyrðra


Karlakórinn **Fóstbræður** í söngför um Norðurland. Ídölum, Aðaldal LA: 14.00, Akureyrarkirkju SU: 17.00. Stjórnandi Ragnar Björnsson.



Ein mynda Kára Eiríkssonar sem opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag.



Dóra Reyndal sópransöngkona í Norræna húsinu á mánudagskvöld.



Ljósmyndasýning um verk pílagríma í Jerúsalem að Kjarvalsstöðum.



Guðrún Halla Jónsdóttir, Bjarni Guðmarsson og Viðar Konráðsson á æfingu hjá Litla leikklúbbnum á Ísafirði, sem frumsýnir Kviksand á sunnudag.

Sigursveinsnemar

Nemendatónleikar á vegum Tónskóla Sigursveins í Gerðubergi LA: 14.00, og í Neskirkju SU:15.00.

Tónmenntaskólinn

Tónleikar **Tónmenntaskóla** Reykjavíkur: yngri nemendur og forskólanemar, Austurbæjarbíó LA: 14.00.

Dóra

Dóra Reyndal sópransöngkona og Vilhelmína Ólafsdóttir píanóleikari í Norræna húsinu MÁ: 20.30.

Djass

Kjallarabandið djassar í kjallara Hlaðvarpans í samstarfi við Djúsbarinn SU: 21.00.

Tékkneskt

Selma Guðmundsdóttir, **Laufey** Sigurðardóttir og **Sigríður Ella** Magnúsdóttir flytja verk eftir tékkneska höfunda í Norræna húsinu SU: 16.00. Smetana, Josef Suk, Janácek, Dvorák, Tékkneskíslenska félagið heldur tónleikana.

Kópavogur

Skólakórar **Kársnesskóla** og **Þinghólsskóla** í Kópavogskirkju SU: 17.00 undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Það skaltu vera

Samtökin 78

Vordansleikur Samtakanna 78 laugardaginn 3. maí í Risinu að Hverfisgötu 105. Hefst kl. 23.00.

Nikkuvinir

Skemmtifundur Félags **harmóníkuunnenda** í Templarahöllinni SU: 15-18. Þrjár nikkusveitir, einleikarar, kaffi, stiginn dans.

Hraðskák

Maí-hraðskákmót TR á Grensásvegi 46 SU: 20.00.

Norrænt á Norðurlandi

Kvikmyndirnar Ísfuglar og Bróðir minn Ljónshjarta á **Akureyri** um helgina. Á SU: kvöldvaka í umsjá Signýjar Pálsdóttur og Jóns Hlöðvers Áskelssonar, Dynheimum.

Hótel Búðir

Hótel Búðir á Snæfellsnesi: Sumaropnun LA: Wilma og Matti skemmta gestum. Bárður Snæfellsás heldur verndarhendi yfir gestum.

Suðurnes

Ráðstefna um atvinnumál á Suðurnesjum á vegum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Stapa. Erindi, fyrirspurnir, umræður, LA: 13-19.

Hvassaleitisskóli

Afmælissýning – Reykjavík 200 ára, Hvassaleitisskóli 20 ára – í skólanum LA: 12.45-17.30, SU: 13-18, dagskrá SU: 19.30-22. Íþróttir, leiksýningar, söngur, tónlist, kennslugögn, skólavinna, uppbygging skólans og skólahverfisins, saga borgarinnar.

Garðabær tíu ára

Hátíðarviku **Garðbæinga** lýkur um helgina. LA: Dagur miðbæjarins, verslunarhátíð, vörukynning, uppákomur. 13.00 Skákmót Búnaðarbankans, 15-17 opið hús í leikskólunum Bæjarbóli og Kirkjubóli. SU: Íþróttasýning í Ásgarði 13.00, kaffiveisla allra bæjarbúa í Garðalundi með afmælisdagskrá 15.00.

Makalausir

Dansleikur **Félags makalausra** í Borgartúni 18, sal Sparisjóðs vélstjóra LA: 22.00.

Lamaðir

Kvennadeild Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra fjölskylduskemmtun í Broadway SU: 14.00 til styrktar sumardvalarheimilinu í Reykjadal í Mosfellssveit.

Háteigssókn

Kvenfélag Háteigssóknar: kaffi og kökur í Domus Medica SU: 15.00.

Borgfirðingafélagið

Kvennadeild Borgfirðingafélagsins: kaffisala, skyndihappdrætti í Fóstbræðraheimilinu SU: 14.30.

Kópavogsvaka

Kópavogsvaka í ýmsum menningarstofnunum þar í bæ vikuna 3.-11. maí. LA: Sýning á merkjum, veggspjöldum, landakortum og bókum úr safni Ólafs Jónssonar í Bókasafni Kópavogs, Fannborg 3-5. Opið LA, SU: 14-18, virka 11-21. „Vargur í véum", náttúrufræðisýning í Náttúrufræðistofu Kópavogs, opið 14-18 daglega. SU: Skemmtun á vegum grunnskólanna í Hjáleigunni 14.00. MK-kvartettinn, Sverrir Stormsker syngur og les í Hjáleigu 20.30, þar er líka sýning á myndverkum nemenda MK. Í Kópavogskirkju SU: 17.00 tónleikar skólakóranna. MÁ: Ömmukórinn, söngur og ljóð, Hjáleigunni 20.30.